

Skólaráðsfundur 7. febrúar 2024

Fundinn sátu: Vildís Björk Bjarkadóttir, Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Sighvatur Pálmason fulltrúi 10. bekkjar, Emma Katrín Helgadóttir fulltrúi 10. bekkjar, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólapúlsinn

Óskar kynnti niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins, þar sem 75% nemenda í 6. - 10. bekk er búinn að svara. Einn hópur á eftir að svara könnuninni.

Farið var yfir þætti eins og ánægju af lestri, vellíðan, þrautseigju í námi, aga í tímum, samband við kennara o.fl. Ánægja af lestri hefur farið upp á við frá síðustu svörun.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var tekin á foreldraviðtalsdegi 1. febrúar. Könnunina tóku foreldrar í 2., 4., 7. og 10. bekk. Talsverð vonbrigði eru að svörun var heldur minni en áður (75%), en í fyrra var svörun yfir 90%. Óskar fór yfir niðurstöður könnunarinnar, sem eru almennt mjög góðar.

Athygli vekur að foreldrar eru almennt ánægðir með stoðkerfið í skólanum og einnig námsmatið. Foreldrar eru einnig almennt sáttir við samstarfið við umsjónarkennara barna sinna. Niðurstöður varðandi Árvist voru jákvæðar.

Í könnuninni var spurt um hvort þörf væri á að breyta fyrirkomulagi öskudags. Niðurstöður voru nokkuð afgerandi, en 84,1% foreldra finnst ekki þörf á breytingum. á fundinum var rætt um hvert væri næsta skref.

Skóladagatal 2024-2025

Drög að skóladagatali næsta skólaárs voru kynnt.